


# Breyting á deiliskipulagi Helgafellshverfis, ný grenndarstöð við Vefarastræti, Mosfellsbær

## Hluti gildandi deiliskipulags




Var samþykkt í bæjarstjórn Mosfellsbæjar þann 13.12.2006. mkv. 1:250

## Gildandi skilmálar

Í gildi er deiliskipulag sem ber heitið "Mosfellsbær, Helgafellshverfi, miðsvæði/íbúðarsvæði" sem samþykkt var í bæjarstjórn Mosfellsbæjar 13. desember 2006. Í almennum skipulagsskilmálum greinagerðar, gr. 3.1 Meginatriði skipulagstillögunnar, segir m.a. að "Torg 4" mótist af aðliggjandi byggð, virki sem hraðahindrun og geti nýst á fjölbreyttan hátt. Jafnframt er tekið fram að yfirborðsfrágangur verði vandaður.

## Tillaga að breytingu




mkv. 1:250

## Greinagerð

Breyting á deiliskipulagi Helgafellshverfis, varðandi torg við Vefarastræti í Mosfellsbæ er í samræmi við Aðalskipulag Mosfellsbæjar 2011-2030. Skilgreina á torg í bæjarlandi við Vefarastræti sem grænt svæði með trjám og grenndarstöð. Áformað er að setja upp grenndarstöð við Vefarastræti, um 30 m<sup>2</sup> hellulagt svæði með skjólvegg umhverfis frístandandi gáma. Heimilt er að skipta út frístandandi gámum fyrir djúpgáma í framtíðinni. Bílastæðum við torgið verður breytt í aðkomusvæði fyrir ökutæki sem eru að skila af sér flokkuðu efni til endurvinnslu. Markmiðið með deiliskipulagsbreytingunni er að fjölga grenndarstöðvum og bæta þannig aðgengi íbúa að flokkunarstöð fyrir endurvinnanlegt efni í samræmi við Umhverfisstefnu Mosfellsbæjar 2019-2030.

Uppdráttur er leiðbeinandi þar sem útfærsla framkvæmdar getur tekið minniháttar breytingum á verkstað. Annað í skipulagi er óbreytt



Aðalskipulag Mosfellsbæjar 2011-2030

## SKÝRINGAR:

- MÖRK SKIPULAGSSVÆÐIS
- LÓÐAMÖRK
- HÚSNÚMER
- BÍLASTÆÐI
- AÐKOMUSVÆÐI
- FAST YFIRBORÐSEFNI
- FLOKKUNARÍLÁT
- SKJÓLVEGGUR
- TRJÁGRÓÐUR
- GRAS

Deiliskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. m. s. br.

frá \_\_\_\_\_ til \_\_\_\_\_ var samþykkt  
í sveitastjórn þann \_\_\_\_\_

Samþykkt deiliskipulagsbreytingarinnar  
var auglýst í B-deild Stjórnartíðinda  
þann \_\_\_\_\_

## Breyting varðandi torg við Vefarastræti

Kvarði 1:250

Unnið af Sindra B.

Umhverfissvið Mosfellsbæjar  
Þverholt 2  
270 Mosfellsbæjar

Stærð: A1

Dags: 25.07.2023

